

Eftirlits- og verklagsreglur Íslenskra fjárfesta hf.

1. gr.

Gildissvið og markmið

- i. Reglur þessar eru settar af stjórn Íslenskra fjárfesta hf. samkvæmt samkvæmt 3. mgr. 6. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti, (vví) 2. mgr. 57. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og 10. gr. reglugerðar nr. 995/2007, um fjárfestavernd og víðskiptahætti fjármálafyrirtækja.
- ii. Þær taka, eftir því sem víð getur átt, til Íslenskra fjárfesta hf., stjórnarmanna og starfsmanna, svo og fjölskyldna þeirra.
- iii. Reglunum er ætlað að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra í starfsemi Íslenskra fjárfesta hf., og jafnframt að draga úr hættu á að þeir sem þær taka til tengist einstökum úrlausnarefnum með þeim hætti að fyrirfram megi draga í efa óhlutdrægni þeirra víð meðferð og afgreiðslu einstakra mála.
- iv. Reglurnar skulu vera aðgengilegar starfsmönnum og víðskiptamönnum Íslenskra fjárfesta hf.

2. gr.

Skilgreiningar:

Í reglum þessum merkir:

Fjölskylda: Maki, sambúðaraðili eða samvistarmaki. Ófjárráða barn, stjúp barn og kjörbarn sem er á framfæri starfsmanns. Önnur skyldmenni sem hafa búíð á sama heimili og hann í a.m.k. eitt ár fyrir þann dag er þau verðbréfavíðskipti sem um ræðir eiga sér stað.

Trúnaðarupplýsingar: Upplýsingar um útgefanda verðbréfa, verðbréfin sjálf eða önnur atriði, þ.á m. starfsemi eða fyrirætlanir félagsins, sem ekki hafa verið gerð opinber en eru líkleg til að hafa áhrif á markaðsverð verðbréfanna ef opinber væru. Upplýsingar teljast opinberar þegar þeim hefur verið miðlað á verðbréfamarkaðinum með opinberum og víðurkenndum hætti. Tilkynningar til kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða teljast opinberar þegar þeim hefur verið miðlað þaðan, sbr. lög um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða. Varðandi hugtakið er að öðru leiti vísað til 58. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

3. gr

Meðferð trúnaðarupplýsinga

Þeim sem þessar reglur taka til og sem búa yfir eða hafa aðgang að trúnaðarupplýsingum er óheimilt að:

- i. afla eða ráðstafa verðbréfum, fyrir eigin reikning eða annarra, búi þeir yfir trúnaðarupplýsingum.
- ii. láta þriðja aðila upplýsingarnar í té, nema það sé gert í eðlilegu sambandi við starf, stöðu eða skyldur þess sem upplýsingarnar veitir,
- iii. ráðleggja þriðja aðila á grundvelli upplýsinganna að afla verðbréfa eða ráðstafa þeim eða hvetja að öðru leyti til viðskipta með verðbréfin.

4. gr.

Þess ber ætíð að gæta að trúnaðarupplýsingum og upplýsingum sem þagnarskylda hvílir á sé ekki miðlað til fleiri aðila en brýna nauðsyn ber til í hverju tilviki. Stjórnarmenn, framkvæmdastjóri, aðrir starfsmenn sem og endurskoðendur skulu hafa reglu á því hverjir hafi aðgang að trúnaðarupplýsingum og hvernig þeir miðla slíkum upplýsingum sín á milli. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

5. gr.

Vanhæfi

- i. Íslenskir fjárfestar hf., skulu gæta þess í viðskiptum við stjórnarmenn og aðila sem eiga virkan eignarhlut í Íslenskum fjárfestum hf., að þau séu ekki á nokkurn hátt tortryggileg eða til þess fallin að kasta rýrð á trúverðugleika og orðstýr Íslenskra fjárfesta hf.
- ii. Stjórnarmaður eða starfsmaður Íslenskra fjárfesta hf., er vanhæfur til að eiga aðild að ákvörðun um verðbréfavíðskipti félagsins ef hann hefur hagsmuna að gæta, sem kynnu að fara í bága við hagsmuni félagsins eða gagnaðilans í viðskiptunum. Sama gildir ef um er að ræða ákvarðanir sem tengjast fjölskyldu hans, venslamönnum eða fyrirtæki, þar sem hann kann að eiga umtalsverðra hagsmuna að gæta sem eigandi, stjórnarmaður eða starfsmaður.
- iii. Stjórnarmaður eða starfsmaður sem veit um ástæður er kunna að valda vanhæfi hans skal án tafar vekja athygli á þeim.

6.gr.

Viðskipti fyrir eigin reikning

Viðskipti Íslenskra fjárfesta hf., fyrir eigin reikning mega á engan hátt rekast á við hagsmuni viðskiptamanna og skulu starfsmenn forðast að haga viðskiptum á þann hátt að raski trúverðugleika Íslenskra fjárfesta hf.

Viðskipti Íslenskra fjárfesta hf., fyrir eigin reikning, eða tilboð um viðskipti, skulu á engan hátt hafa forgang heldur fara í röð á eftir beiðnum sem á undan hafa borist. Sama gildir um viðskipti eigenda virkra eignarhluta, stjórnarmanna, stjórnenda, starfsmanna og maka framangreindra aðila.

Við ráðgjöf er lýtur að viðskiptum með verðbréf, til annarra en kauphallaraðila og markaðsaðila að skipulegum tilboðsmarkaði, skal viðskiptamönnum gerð grein fyrir því ef Íslenskir fjárfestar hf., hafa hagsmuna að gæta í viðkomandi félagi.

7. gr.

Verðbréfaviðskipti starfsmanna Íslenskra fjárfesta hf.

Starfsmönnum Íslenskra fjárfesta hf., ber að gæta fyllstu aðgætni í verðbréfaviðskiptum fyrir eigin reikning. Eigin viðskipti stjórnarmanna og starfsmanna Íslenskra fjárfesta hf., mega á engan hátt rekast á við hagsmuni viðskiptamanna og skulu starfsmenn forðast að haga viðskiptum á þann hátt að raski trúverðugleika Íslenskra fjárfesta hf. Eigin viðskipti skulu samræmast reglum 10. gr. reglugerðar nr. 995/2007, um fjárfestavernd og viðskiptahætti fjármálafyrirtækja.

Starfsmönnum er óheimilt að;

1. að stofna til eigin viðskipta þar sem a.m.k. eitt af eftirfarandi viðmiðum á við:
 - a. hlutaðeigandi er óheimilt að stofna til viðskiptanna samkvæmt vvl, s.s. vegna reglna um innherjaviðskipti.
 - b. viðskiptin fela í sér misnotkun eða óviðeigandi birtingu trúnaðarupplýsinga.
 - c. viðskiptin stangast á við eða eru líkleg til að stangast á við skyldur Íslenskra verðbréfa hf. samkvæmt vvl.
2. að gefa nokkrum öðrum aðila ráð eða aðstoða hann við að stofna til verðbréfaviðskipta á annan hátt en í samræmi við eðlilegar starfsskyldur, ef viðskiptin falla undir 1. tl. þessa ákvæðis eða annað viðeigandi ákvæði ef um væri að ræða eigin viðskipti starfsmanns.
3. að veita nokkrum öðrum aðila upplýsingar eða álit, nema það sé heimilt samkvæmt ákvæðum vvl, aðrar en þær sem um er að ræða í venjubundnu starfi eða samkvæmt þjónustusamningi, ef hlutaðeigandi starfsmaður veit eða má vita að móttakandi muni, eða líklegt er að hann muni, grípa til eftirfarandi úrræða:
 - a. stofna til verðbréfaviðskipta, sem myndu falla undir 1. tl. þessa ákvæðis eða annað ákvæði sem kann að eiga við ef um væri að ræða eigin viðskipti starfsmanns eða
 - b. ráðleggja eða aðstoða annan aðila við að stofna til slíkra verðbréfaviðskipta.

Ákveði félagið að eiga verðbréfaviðskipti yfir ákveðið tímabil geta þeir starfsmenn, sem um það hafa upplýsingar, ekki átt viðskipti fyrir sína hönd með viðkomandi fjármálagerninga fyrr en eftir að tímabilið er liðið.

Starfsmönnum er óheimilt að eiga verðbréfaviðskipti við Íslenska fjárfesta hf., þ.e. kaupa fjármálagerninga af fyrirtækinu eða selja því fjármálagerninga nema um sé að ræða viðskipti með bréf í fyrirtækinu sjálfu.

Heimild regluvarðar fyrir tilteknum verðbréfaviðskiptum starfsmanns leiðir ekki til þess að starfsmaður sé laus undan ábyrgð á viðskiptunum. Starfsmönnum ber að tryggja að þeirra eigin verðbréfaviðskipti séu ekki tengd og séu óháð öðrum viðskiptum fyrirtækisins.

8. gr.

Viðskipta stjórnarmanna og hluthafa

Um viðskipti stjórnarmanna er fjallað í starfsreglum stjórnar.

Hluthafar í Íslenskum fjárfestum hf. skulu haga viðskiptum sínum með þeim hætti að þau veki ekki tortryggni, eða séu til þess fallin að kasta rýrð á trúverðugleika og orðstír þeirra eða fyrirtækisins. Viðskipti stjórnarmanna og hluthafa skulu skráð sérstaklega og eftirlit haft með þeim með sama hætti og viðskiptum starfsmanna.

9.gr

Markaðsmisnotkun

Þeim sem þessar reglur taka til er óheimilt að taka þátt í, stuðla að eða hvetja til viðskipta með verðbréf eða annarra aðgerða í því skyni að gefa ranga mynd af umfangi viðskipta með tiltekin verðbréf eða hafa óeðlileg eða óhæfileg áhrif á verðmyndun í verðbréfaviðskiptum. Jafnframt er þeim óheimilt að eiga viðskipti fyrir eigin reikning með því að nýta sér í eigin þágu viðskiptakjör sem Íslenskir fjárfestar hf., kunna að njóta hjá þriðja aðila.

Ennfremur skulu þeir ekki eiga viðskipti með einstök verðbréf á sama tíma og félagið eða sem félagið hyggst eiga viðskipti með fyrir eigin reikning í nánustu framtíð þegar þeir hafa vitneskju um slík viðskipti vegna starfsins.

10. gr.

Tilkynningarskylda

- i. Starfsmönnum Íslenskra fjárfesta hf., er óheimilt að eiga verðbréfaviðskipti án fyrirfram skriflegrar heimildar regluvarðar. Leyfi regluvarðar gildir út viðskiptadaginn og fari viðskiptin ekki fram þann dag skal starfsmaður afla nýrrar skriflegrar heimildar. Starfsmenn skulu svo fljótt sem kostur er tilkynna regluverði um viðskipti sem átt hafa sér stað á grundvelli heimildar hans.
- ii. Regluvörður skal halda skrá um tilkynningarskyld verðbréfaviðskipti starfsmanna þar sem skráðar eru upplýsingar um verðbréfin, fjárhæð nafnverðs, kaupverð og tímasetningu kaupa.

- iii. Þrátt fyrir að heimild regluvarðar fyrir viðskiptum með verðbréf kunni að liggja fyrir er ábyrgð viðskiptanna eftir sem áður hjá viðkomandi starfsmanni.

11. gr.

Viðskipti með óskráð verðbréf eða fjármálagerninga

- i. Starfsmönnum Íslenskra fjárfesta hf., er óheimilt að eiga viðskipti með önnur verðbréf eða fjármálagerninga en sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði
- ii. Starfsmönnum er þrátt fyrir 1. mgr. heimilt að eiga viðskipti með eftirtalin óskráð verðbréf:
 - a. Óskráð verðbréf eða fjármálagerningar sem seld eru í almennu útboði ef útboðið er ekki á vegum Íslenskra fjárfesta.
 - b. Óskráð verðbréf félaga þar sem engin virk viðskipti eru með og hafa fjárfestingar ekki að markmiði.
 - c. Óskráða afleiðusamninga þar sem undirliggjandi verðbréf eða fjármálagerningar eru skráð.
 - d. Óskráð hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða er starfa samkvæmt lögum um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði nr. 128/2011.
 - e. Óskráð verðbréf eða fjármálagerningar sem þeir áttu fyrir gildistöku regnanna eða nýting forkaupsréttar vegna þeirra.
 - f. Verðbréf eða fjármálagerninga sem þeir eignast í gegnum önnur viðskipti, arf eða gjöf eða með öðrum ófyrirséðum hætti eða við sérstakar aðstæður.
- ii. Þrátt fyrir 1. mgr. er starfsmönnum heimilt að eiga viðskipti með óskráð hlutafélög sem ekki eru í almennu útboði ef um er að ræða félag sem engin virk viðskipti eru með og ekki hafa fjárfestingar að markmiði, t.d. félag um góðgerðarstarfsemi eða félag um atvinnurekstur fjölskyldumeðlima. Önnur ákvæði regnanna gilda eftir sem áður um viðskipti þessi, svo sem ákvæði um feril viðskipta, skráningu, lágmarkseignarhaldstíma o.fl.

12. gr.

Lágmarkseignarhaldstími

Starfsmönnum Íslenskra fjárfesta hf., er skylt að eiga verðbréf sem þeir kaupa í 3 mánuði að lágmarki, en er þó heimilt að selja þau áður en lágmarkseignarhaldstíminn er liðinn ef markaðsverð þeirra fer niður fyrir upphaflegt kaupverð. Þó er ekki gerð krafa um lágmarkseignarhaldstíma verðbréfa ef eftirfarandi skilyrði eru fyrir hendi:

- i. Ef um er að ræða fjármálagerninga sem skráðir eru á erlendum verðbréfamörkuðum og hafa mikla veltu á mælikvarða þess markaðar. Með veltumiklum fjármálagjörningum er t.d. átt við fjármálagerninga sem mynda helstu vísitölur verðbréfa, t.d. S&P500 eða FTSE100.
- ii. Ef um er að ræða fjármálagerninga sem starfsmenn hafa fengið við sölu fastafjármuna sinna.

- iii. Ef um er að ræða fjármálagerninga sem starfsmenn hafa eignast áður en þeir hófu störf hjá Íslenskum fjárfestum hf. eða áður en reglur þessar tóku gildi gagnvart þeim.
- iv. Ef um er að ræða hlutdeildarskírteini í verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum.

Regluvörður getur veitt skriflega undanþágu frá þeirri skyldu starfsmanna að eiga verðbréf í 3. mánuði við sérstakar aðstæður enda hafi starfsmaður óskað skriflega eftir því með rökstuddum hætti. Aðstæður sem hér um ræðir eru vegna óvæntra breytinga á aðstæðum starfsmanns, s.s. veikindi, slys eða andlát í fjölskyldu hans eða hjónaskilnaðar hans.

13. gr.

Þátttaka í fjárfestingarhópum

Óheimilt er starfsmönnum Íslenskra fjárfesta hf., að taka þátt í fjárfestingarhópum (klúbbum) eða öðrum hliðstæðum félagsskap sem hefur þann tilgang að þátttakendur standi sameiginlega að kaupum á verðbréfum. Hér undir falla ekki sjóðir um sameiginlega fjárfestingu í verðbréfum þar sem skírteinishafar hafa engin bein áhrif á fjárfestingarnar, s.s. hlutabréfasjóði eða verðbréfasjóði.

14. gr.

Verðbréfaeign starfsmanna

Starfsmönnum Íslenskra fjárfesta hf., ber skylda til að greina regluverði frá allri verðbréfaeign sinni þegar þeir hefja störf hjá Íslenskum fjárfestum hf., ásamt verðbréfaeign sinni við gildistöku reglna þessara.

15. gr.

Þátttaka í stjórnnum og atvinnurekstri

Framkvæmdastjóra er óheimilt, nema að fengnu leyfi stjórnar, að sitja í stjórn atvinnufyrirtækja eða taka þátt í atvinnurekstri að öðru leyti nema lög kveði á um annað eða um sé að ræða atvinnufyrirtæki sem félagið á aðild að. Eignarhlutur í fyrirtæki telst þátttaka í atvinnurekstri nema um sé að ræða óverulegan hlut sem ekki veitir bein áhrif á stjórnun þess.

16. gr.

Starfsmönnum Íslenskra fjárfesta hf., er óheimilt að sitja í stjórn atvinnufyrirtækja eða taka laun frá öðru fyrirtæki eða taka þátt í atvinnurekstri að öðru leyti.

Framkvæmdastjóra Íslenskra fjárfesta hf., er heimilt að veita einstökum starfsmönnum undanþágu frá ákvæði 1. mgr. og skal umsókn þess efnis vera skrifleg og rökstudd.

Við mat framkvæmdastjóra á því hvort starfsmanni skuli veitt umbeðið leyfi skal m.a. hafa til hliðsjónar hvort framkvæmdarstjóri telur að stjórnarseta starfsmanns eða þátttaka hans í atvinnurekstri geti hugsanlega skaðað Íslenska fjárfesta hf., farið gegn hagsmunum þeirra, stefnt óháðri stöðu viðkomandi starfsmanns í hættu eða verið andstæð lögum.

17. gr.

Starfsmönnum Íslenskra fjárfesta hf., er skylt að upplýsa framkvæmdastjóra, að eigin frumkvæði, um öll önnur launuð störf er þeir inna af hendi, eða hyggjast inna af hendi, fyrir aðra en Íslenska fjárfesta hf.

Regluvörður skal halda skrá um þá starfsmenn sem hafa fengið leyfi til að sitja í stjórn eða taka þátt í atvinnurekstri.

18. gr.

Rannsóknarskylda

Leiki vafi á því hvort fyrirhuguð viðskipti geti samrýmst ákvæðum þessara reglna eða önnur atvik séu með þeim hætti að ákvæði þessara reglna eigi við skulu þeir aðilar sem reglur þessar taka til leita álits regluvarðar Íslenskra fjárfesta hf., eftir því sem við á, sem sker úr um slík atriði.

19. gr.

Undirritun yfirlýsingar

Stjórnarmenn og starfsmenn Íslenskra fjárfesta hf., skulu undirrita yfirlýsingu um að þeir hafi kynnt sér og maka sínum þessar reglur og skuldbindi sig til að hlíta þeim, sbr. fylgiskjal með þessum reglum

20. gr.

Eftirlit/ Regluvörður

Framkvæmdastjóri Íslenskra fjárfesta hf., skal starfa sem regluvörður.

Regluvörður og stjórnendur Íslenskra fjárfesta hf., skulu, eftir því sem við á, sjá um og bera ábyrgð á kynningu þessara reglna meðal núverandi og nýrra starfsmanna og að þeir staðfesti skriflega að þeir hafi kynnt sér þær. Einnig skulu ofangreindir aðilar sjá til þess að reglurnar séu almennt á vitorði stjórnarmanna og starfsmanna Íslenskra fjárfesta hf. og annarra sem reglurnar varða. Einnig ber ofangreindum að sjá til þess að reglurnar séu jafnan aðgengilegar fyrir þá sem undir þær heyra.

Regluvörður Íslenskra fjárfesta hf., hefur eftirlit með að reglunum sé fylgt. Heldur skrár yfir öll viðskipti starfsmanna og undanþágur sem hafa verið veittar frá þeim. Hefur forgöngu um túlkun reglnanna og tekur ákvarðanir í samræmi við efni þeirra.

Regluvörður tekur við kvörtunum frá viðskiptavinum um meint brot á reglunum, beina þeim í réttan farveg og halda sérstaka skrá yfir slíkar kvartanir.

Regluvörður skal hafa aðgang að öllum upplýsingum innan Íslenskra fjárfesta hf., sem hann þarfnast til að geta sinnt eftirlitshlutverki sínu.

Starfsmönnum er skylt að tilkynna regluverði ef þeir komast að því að reglur þessar hafi verið brotnar á einhvern hátt eða ef grunur liggur fyrir um slíkt.

Regluvörður hefur vald til að banna viðskipti starfsmanna með verðbréf án skýringa eða tímamarka á banninu. Honum er jafnframt heimilt að banna tímabundið viðskipti sem tengjast innri greiningu fyrirtækisins sem ekki er aðgengileg öðrum viðskiptamönnum.

21. gr.

Endurskoðun

Löggiltir endurskoðendur eða skoðunarmenn, sem kosnir hafa verið skv. 19. gr. samþykkt Íslenskra fjárfesta hf. framkvæma árlega úttekt á innra eftirliti. Í árlegri úttekt skal m.a. kanna:

- a. varðveislu og meðferð fjármuna Íslenskra fjárfesta hf., skráningu skuldbindinga og eftirlit með bókhaldi
- b. starfsreglur og framfylgni þeirra
- c. markmið varðandi helstu áhættuþætti
- d. innra eftirlit og eftirlitsaðgerðir
- e. framkvæmd á fjárvörslusamningum
- f. áreiðanleika og gæði skýrslna frá Íslenskum fjárfestum hf.
- g. tölvukerfi
- h. útlán, vanskil og greiðslutryggingar

22. gr.

Brot á reglum

Brot á reglum þessum skal tafarlaust tilkynna regluverði Íslenskra fjárfesta hf., sem ber að tilkynna stjórn Íslenskra fjárfesta hf. um meint brot á reglunum og í þeim tilfellum skal tilkynna það Fjármálaeftirlitinu.

23. gr.

Viðurlög

Brot á reglunum geta varðað áminningu eða uppsögn aðila er brjóta gegn þeim ásamt því að eftir því sem við verður komið gangi viðskipti sem brjóta gegn reglunum til baka. Brot á ýmsum ákvæðum reglnanna geta falið í sér brot á lögum um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007 og getur starfsmaður því sætt viðurlögum skv. þeim, sbr. XV. kafla laganna.

24. gr.

Gildistaka

Reglur þessar taka gildi við undirritun stjórnar Íslenskra fjárfesta hf.

Reykjavík, 22. mars 2016

Júlíus Rógnvaldsson
Ragnar Helliðsson
Karl Jeppesen